

617. fundur haldinn föstudaginn 3. desember 1999 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Jón Kristjánsson, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Stefán Sigurðasson, fulltrúi SAF
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti

1. Fundargerð 616. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Minnisblað um stöðu ýmissa verkefna Ferðamálaráðs.

Nokkrar umræður urðu um einstök verkefni.

3. Kynning á afgreiðslum Ferðamálasjóðs.

Lagðar fram til kynningar og umfjöllunar afgreiðslur Ferðamálasjóðs á undanförunum mánuðum.

4. Erindi Alþingis.

Beiðni um umsögn vegna 159. máls : Tillögu til þingsályktunar um úttekt á stöðu safna á landsbyggðinni.

Afgreiðsla: Samþykkt að senda jákvæða umsögn

Beiðni um umsögn um 11. mál : Tillaga til þingsályktunar um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir fresti.

5. Bréf bæjarstjórnar í Hornafirði.

Í bréfi bæjarstjórnar Hornafjarðar er athygli Ferðamálaráðs vakin á stöðu mála við Jökulsárlón með tilliti til reksturs ferðaþjónustu, þar sem núverandi aðili telji sig ekki geta staðið í rekstrinum lengur vegna vandræða í samskiptum við landeigendur.

Afgreiðsla: Samþykkt að Ferðamálaráð veki athygli viðkomandi á ákvæðum í lögum um aðgengi og almannarétt.

6. Upplýsingar vegna vinnu við fjárhagsáætlun.

Formaður og ferðamálastjóri greindu frá fundum sem haldnir hafa verið í samræmi við samþykkt ráðsins á síðasta fundi. Á þeim fundum hefur áherlsum ráðsins vegna fjárlagagerðar verið komið á framfæri svo og með bréfaskrifum.

7. Úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum árið 2000.

Lagðar fram tillögur umhverfisfulltrúa vegna úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum árið 2000.

Afgreiðsla: Samþykkt að byggja á þessum tillögum hvað varðar þá staði sem unnið verði að úrbótum á. Áhersla verði lögð á að nota fjármagnið einnig til hvatningar til bættrar umgegni við umhverfið svo og til stefnumótunar í framtíðaruppbyggingu ferðamannastaða.

8. Önnur mál.

a) Pétur Rafnsson lagði fram samþykkt stjórnarfundar FMSÍ frá 8. október varðandi undirbúning og framkvæmd ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs.

b) Pétur Rafnsson lagði fram ályktun starfshóps, sem stóð fyrir ráðstefnunni : " Er Ísland öruggur áfangastaður ferðamanna" 19. mars sl. Í ályktuninni eru ábendingar til ferðamálayfirvalda um áframhald málsins.

c) Samþykkt var að Fjölmíðlabíkar Ferðamálaráðs yrði ekki veittur á þessu ári.

d) Helgi Pétursson óskaði eftir að unnið yrði yfirlit yfir kvartanir vegna ferðaþjónustunnar sem gerðar

hefðu verið og þær ræddar í ráðinu.

e) Pétur Rafnsson og Kristján Þór Júlíusson óskuðu eftir að reynt yrði að festa fundartíma og ákveða með lengri fyrirvara.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:15